

2002020047
5000; 9310

Siglufjarðarkaupstaður
Guðmundur Guðlaugsson, bæjarstjóri
Gránugötu 24
580 Siglufjörður

Reykjavík, 22. mars 2002
/--

Efni: Snjóflóðavarnir á Siglufirði. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Siglufjarðarkaupstaðar að matsáætlun um snjóflóðavarnir á Siglufirði.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Línuhönnunar dags. 18. febrúar 2002 tillaga Siglufjarðarkaupstaðar að matsáætlun:

Siglufjarðarkaupstaður. Snjóflóðavarnir á Siglufirði, mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun. Línuhönnun, verkfræðistofa. Febrúar 2002. Fylgirit: Siglufjörður. Snjóflóðavarnir. Áætlun um varnir fyrir byggðina. Febrúar 2001.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Siglufjarðarkaupstað, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra, Náttúruvernd ríkisins og Veðurstofu Íslands. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Siglufjarðarkaupstað með bréfi dags. 13. mars 2002, Byggðastofnun með bréfi dags. 6. mars 2002, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 27. febrúar 2002, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með bréfi dags. 21. febrúar 2002, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 28. febrúar 2002 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 4. mars 2002. Skipulagsstofnun bárust svör frá framkvæmdaraðila við umsögnum með bréfi dags. 2. mars 2002.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun ásamt umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim athugasemdum sem gerð er grein fyrir hér að neðan:

Framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir

Snjóflóðahættumat

Í kafla 2.1 í tillögu að matsáætlun framkvæmdaraðila segir að stefnt sé að því að snjóflóðavarnir minnki áhættu íbúa þannig að hún verði ásættanleg. Samkvæmt 11. grein reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna snjóflóða telst staðaráhætta ásættanleg í íbúðarhúsum, skólum, barnaheimilum, sjúkrahúsum og samkomuhúsum ef hún er minni en 0,3 af 10.000 á ári. Fram kemur í útdrætti úr skýrslu um snjóflóðavarnaáætlanir á Siglufirði, sem fylgdi tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun að markmið framkvæmdanna sé að áhætta gagnvart snjóflóðum verði viðunandi í allri byggðinni á Siglufirði. Enn fremur kemur fram í útdrætti að vinnu við tilraunhættumat sé ekki lokið og að hættumatskort liggi ekki fyrir. Þá kemur fram að opinbert snjóflóðahættumat fyrir Siglufjörð hafi ekki verið staðfest. Fram kemur að ekki sé hægt að útiloka algerlega að grípa þurfi til rýminga til þess að tryggja öryggi íbúa eftir byggingu varnarmannvirkja.

Skipulagsstofnun telur að ef ekki liggi fyrir staðfest ofanflóðahættumat áður en matsskýrslu er lokið og skilað inn til stofnunarinnar þurfi þær forsendur, sem lagðar eru til grundvallar við hönnun, umfang og staðsetningu fyrirhugaðra snjóflóðamannvirkja að koma skýrt fram í matsskýrslu. Samkvæmt tilraunahættumati hefur verið lagt mat á mögulega skiptingu þéttbýlis á Siglufirði í hættusvæði A, B og C og þar með staðaráhættu og hættumatslínu sbr. reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða. Í matsskýrslu þarf að greina frá þessari skiptingu og rýmingaráætlun, byggðri á nýju ofanflóðahættumati eða tilraunahættumati á þeim svæðum sem falla innan hættusvæða A og B eftir að varnargarðar hafa verið reistir. Ennfremur þarf að gera grein fyrir núverandi rýmingaráætlun og tíðni rýminga undanfarin ár í matsskýrslu.

Í kafla 2.1 í tillögu að matsáætlun kemur fram að nauðsynlegt sé að koma upp frekari snjóflóðavörnum á Siglufirði. Í tillögu að matsáætlun hefði átt að gera grein fyrir núverandi varnarmannvirkjum og sýna staðsetningu þeirra á uppdrætti. Skipulagsstofnun telur að gera þurfi grein fyrir núverandi varnarmannvirkjum í matsskýrslu.

Uppdráttur

Í tillögu að matsáætlun ber að sýna á uppdrætti mögulega staðsetningu framkvæmdar, sbr. 2. tl. c í 13. gr. reglugerðar nr. 671/2000, þ.á m. efnistöku- og haugsetningarsvæði. Þar sem það var ekki gert undirstrikar Skipulagsstofnun að efnistöku- og haugsetningarsvæði, bæði í sjó og á landi, verði afmörkuð á uppdrætti í matsskýrslu auk staðsetningar bráðabirgðalagersvæðis og svæðis undir vinnubúðir.

Áhrifasvæði

Í tillögu að matsáætlun, kafla 2.3, er fjallað um áhrifasvæði og mörk þess sýnd á uppdrætti. Fram kemur að áhrifasvæðið nái til þess hluta bæjarins sem verður varinn og þar sem verulega verður vart við framkvæmdir á framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu verði að gera nánari grein fyrir hvaða forsendur liggja að baki afmörkun áhrifasvæðis en fram kemur í tillögu að matsáætlun. Í þessu sambandi vill stofnunin benda á að áhrifasvæði framkvæmdar er mismunandi og tekur mið af því hvaða umhverfisþættir eru til umfjöllunar hverju sinni s.s. hávaði, jarðrask, o.fl.

Aðrir kostir

Í tillögu að matsáætlun, kafla 3.2, er fjallað um aðra kosti. Í matsskýrslu þarf að koma skýrt fram hvaða kostir verði bornir saman við valkost framkvæmdaraðila. Í umfjöllun um uppkaup húsnæðis þarf að koma fram hversu mörg hús sé um að ræða og staðsetning þeirra sýnd á uppdrætti.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Fuglalíf

Í tillögu að matsáætlun, kafla 4.2.3 er fjallað um fuglalíf. Þar kemur fram að ekki sé talið að framkvæmdin hafi áhrif á sjaldgæfar fuglategundir. Framkvæmdasvæðið hafi verið skoðað með tilliti til fuglalífs veturinn 2001-2002. Fyrirhugað sé að skoða framkvæmdasvæðið á varptíma vorið 2002. Í kafla 5.5 er fjallað um tímaáætlanir. Þar kemur fram að matsskýrsla verði tilkynnt til Skipulagsstofnunar í byrjun apríl 2002. Náttúruvernd ríkisins telur að í ljósi þess að fyrirhugað sé að skoða fuglalíf á framkvæmdasvæðinu vorið 2002 sé mikilvægt að matsskýrslu verði ekki skilað inn fyrr en að þeim athugunum loknum. Í svörum framkvæmaraðila er ítrekuð sú skoðun að fuglalíf á Siglufirði sé fábreytt og mikil vitneskja sé til staðar um það. Framkvæmdaraðili fyrirhugar að skila rannsóknnum á fuglalífi á varptíma inn til Skipulagsstofnunar þannig að stofnunin geti tekið tillit til þeirra í úrskurði sínum. Skipulagsstofnun vekur athygli á því að rannsóknir og mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar þurfa að liggja fyrir áður en matsskýrsla er auglýst og að stofnunin geti ekki tekið við matsskýrslu með fyrirvara um að mikilvægar upplýsingar muni berast áður en úrskurður verði kveðinn upp. Skipulagsstofnun telur að fyrir þurfi að liggja fullnægjandi yfirlit og álit sérfræðings á fuglalífi á varptími áður en matsskýrsla er skilað

inn til Skipulagsstofnunar.

Veðurfarsleg áhrif

Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að leggja mat á veðurfarsleg áhrif þvergarðanna, eftir því sem við á, með sérstöku tilliti til snjósöfnunar við íbúðarhús sem verða staðsett næst görðunum eins og fram kemur í umsögn Siglufjarðarkaupstaðar. Við það mat verði stuðst við rannsóknir þær sem gerðar hafi verið vegna fyrirhugaðra framkvæmda eða reynslu af svipuðum eða sambærilegum framkvæmdum annars staðar á landinu.

Efnisflutningar

Í tillögu að matsáætlun, kafla 4.1.2, er fjallað um efnisflutninga. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu beri að gera grein fyrir þeim aðgerðum sem fyrirhugaðar eru til að lágmarka ónæði vegna mögulegra efnisflutninga þungaflutningabifreiða um þéttbýlið. Ef ráðist verður í lagningu vegslóða í fjallshlíðinni fyrir ofan þvergarðana verði í matsskýrslu gerð grein fyrir umfangi vegslóða og áætlaðri efnisþörf til þeirra framkvæmda.

Samfélagsleg áhrif

Í tillögu að matsáætlun, kafla 4.2.8, er fjallað um samfélagsleg áhrif. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir og leggja mat á það hlutverk fyrirhugaðra snjóflóðamannvirkja að koma í veg fyrir röskun á íbúa-, atvinnu- og samgöngumannvirkjum og að hve miklu leyti talið sé að fyrirhugaðar framkvæmdir stuðli að auknu öryggi íbúa eins og fram kemur í umsögn Bygðastofnunar.

Sjónræn áhrif

Í tillögu að matsáætlun, kafla 4.1.1, er fjallað um sjónræn áhrif. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu skuli komi fram á uppdrætti og ljósmynd, stærð, staðsetning, lögung og ásýnd snjóflóðamannvirkja í nánd og fjarlægð. Sýna þarf fyrirhugaðar framkvæmdir á ljósmynd af bænum þannig að útlit og hlutföll þeirra komi skýrt fram þannig að unnt sé að gera sér grein fyrir þeim breytingum sem verða á ásýnd og landslagi að framkvæmdum loknum.

Gróðurfar

Í tillögu að matsáætlun, kafla 4.2.2, er fjallað um gróðurfar. Þar kemur fram að gróðurfar sé nokkuð vel þekkt og að í matsskýrslu verði gerð grein fyrir tegundum, tegundasamsetningu og umfangi gróðurröskunar. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í matsskýrslu verði framsetning gagna með þeim hætti að skýrt komi fram mismunandi gróðurlendi sem verði fyrir raski og gildi þeirra í máli og myndum. Skýr framsetning mun auka líkur á því að framkvæmdum verði hagað á þann veg að dregið verði úr spjöllum á

gróðri og nýtist enn fremur við skipulag uppgræðslu.

Jarðmyndanir og landslag

Í tillögu að matsáætlun, kafla 4.2.4, er fjallað um jarðfræði og jarðmyndanir. Í tillögunni hefði átt að gera grein fyrir hvernig fyrirhugað væri að leggja mat á áhrif framkvæmdanna á jarðmyndanir. Skipulagsstofnun telur að í matsskýrslu þurfi að gera grein fyrir þeirri aðferðarfræði sem lögð er til grundvallar mati á þeim áhrifum sem framkvæmdir hafi á jarðmyndanir og landslag.

Skipulag

Staðsetning þvergarða er innan marka gildandi Aðalskipulags Siglufjarðar 1980-2000. Breyta þarf staðfestu aðalskipulagi á þann veg að gert verði ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota þar sem varnarmannvirki, þ.m.t. þvergarðar og stoðvirki, eru fyrirhuguð. Bæjaryfirvöld meti hvort ástæða sé til að vinna deiliskipulag fyrir framkvæmdasvæðin. Vegna efnistökusvæða sem eru utan aðalskipulags þarf sveitarstjórn að óska eftir meðmælum Skipulagsstofnunar skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með veitingu framkvæmdaleyfis.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit: Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðulands vestra, Náttúruvernd ríkisins, Veðurstofa Íslands, Ingibjörg Björnsdóttir, Línuhönnun, verkfræðistofa og Framkvæmdasýsla ríkisins, Jón Sigurðsson.